

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 140/2004

frá 29. október 2004

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2004 frá 9. júlí 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 879/2004 frá 29. apríl 2004 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (*Saccharomyces cerevisiae*) ⁽²⁾, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 180, 15.5.2004, bls. 30, skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 880/2004 frá 29. apríl 2004 um leyfi án tímamarka fyrir notkun beta-karótíns og kantaxantíns sem aukefna í fóður í flokki litunarefna, að meðtöldum fastlitarefnum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 490/2004) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

- „1zn. **32004 R 0879**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 879/2004 frá 29. apríl 2004 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (*Saccharomyces cerevisiae*) (Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 65), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 180, 15.5.2004, bls. 30.
- 1zo. **32004 R 0880**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 880/2004 frá 29. apríl 2004 um leyfi án tímamarka fyrir notkun beta-karótíns og kantaxantíns sem aukefna í fóður í flokki litunarefna, að meðtöldum fastlitarefnum (Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 68).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 879/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 180, 15.5.2004, bls. 30, og 880/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 17 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 65.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 68.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.